

Reykjavík 6. október 2023

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
Reykjavík

Umsögn um 97. mál, tillögu til þingsályktunar um skráningu menningarminja

Námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands fagnar þessari tillögu og tekur undir að mjög brýnt er að styrkja stöðu fornleifaskráningar á Íslandi.

Fornleifaskráning er forsenda skilvirkar minjavörslu og undirstaða fyrir rannsóknir á fornleifum og menningarlandslagi. Án þekkingar um hvar fornleifar er að finna er hvorki hægt að vernda þær né rannsaka. Þó mikið vanti enn upp á að landið sé fullskráð hefur margt áunnist á þessu sviði á undanförunum árum en skráningarstarfið er að mestu leyti kostað af sveitarfélögum og eftir atvikum framkvæmdaaðilum. Ríkisvaldið er fyrst og fremst þiggjandi þeirra gagna sem aflað er af öðrum og hefur ekki sinnt því hlutverki, sem önnur ríki sinna, að halda utan um grunnöggnin með skipulegum hætti.

Minjastofnun Íslands, sem er stjórnsýslustofnun en ekki rannsóknarstofnun, reynir eftir föngum að halda utan um skráningarupplýsingar sem henni berast, en það samrýmist ekki stjórnsýsluhlutverki hennar að stunda vísindastarf eins og fornleifaskráning er.

Fornleifaskráning er grunnrannsókn sem krefst vísindalegrar þjálfunar og þekkingar, ekki bara við skráningu á vettvangi heldur við úrvinnslu og viðhald þeirra gagna sem safnað er. Til að áttak í fornleifaskráningu beri þann árangur sem ætlast má til þarf að tryggja að innviðir séu til staðar sem tryggja gæði rannsókna og að gögnin sem safnað er nýtist komandi kynslóðum.

Fyrir hönd námsbrautar í fornleifafræði



Orri Vésteinsson
prófessor í fornleifafræði
formaður námsbrautar í fornleifafræði